



Skýrsla um sjóatvik

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 10 desember 2024

Mál nr.: 2024-027 S 007

Dagsetning: 16. júní 2024

Staðsetning: Reykjavíkurbíó

Atvik: Ásigling á hafnarkant.

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 16. júní 2024 barst Fjarskiptamiðstöð lögreglu tilkynning um að hvalaskoðunarbáturinn Amelía Rose hefði siglt á hafnarkant Faxagarðs í Austurhöfn Reykjavíkurhafnar. Veður: logn, sjólaust og gott skyggni.

1. Helstu staðreyndir

Skipaskr.nr. 2856

Útgerð: Seatrips ehf

Smíðaður: ASTILLERO BELLOT 2003, Stál

Stærð: 191 BT.

Mesta lengd: 34,14 m Skráð lengd: 26,76 m

Breidd: 7,45 m Dýpt: 1,96 m

Vél: CATERPILLAR 673 kW, 2003

Fjöldi skipverja: 4

Fjöldi farþega: 64



Gögn: RNSA

Gögn frá vegfaranda

Gögn frá Faxaflóahöfnum

Gögn frá LHG

2. Atvikalýsing

Um kl. 13:00 þann 16. júní 2024 var hvalaskoðunarskipið Amelía Rose að leggja af stað í skoðunarferð frá Ægisgarði í gömlu höfninni í Reykjavík. Búið var að snúa skipinu á leið út úr hafnarmynninu þegar það tók skyndilega krappa stjórnborðsbeygju og sigldi á enda Faxagarðs. Mikið högg kom á skipið, sem komið var á um þriggja hnúta ferð, en ekki er vitað til þess að farþegar eða skipverjar hafi slasast.

Skipstjóri lét strax athuga hvort skemmdir hefðu komið á skipið og hvort farþegar hefðu slasast. Bauð hann þeim farþegum sem vildu að fara frá borði og þáðu nokkrir þeirra það.

Myndir 1-7 sýna siglingu skipsins frá Ægisgarði þar til það sigldi á Faxagarð.

Að sögn skipstjóra hugðist hann hafa stýrið miðskipa þegar hann sigldi út hafnarmynnið og stillti það þannig. Hann brá sér frá til að sinna öðrum verkum og taldi að hann hefði rekið sig í rafmagnsstýri skipsins sem setti stýrið yfir til stjórnborða og beygði skipinu sem leiddi til ásiglingarinnar.



Amelía Rose siglir
frá Ægisgarði

Mynd 1



Skipið er komið
með stefnuna út úr
hafnarmynninu

Mynd 2



Skipið er í
stjórnborðs beygju
og heldur henni
(mynd 3-6)

Mynd 3



Mynd 4



Mynd 5



Mynd 6



Mynd 7

Ásigling á Faxagarð

3. Greining

Þrátt fyrir að skipstjóri væri í brúnni var hann ekki með athygli við siglingu skipsins. Af skoðun á myndbandsupptökum af atvikinu má ráða að tíminn sem leið frá því að Amelía Rose stefndi beint úr höfn og þar til það byrjaði að beygja liðu um 45 sekúndur. Þá fór stýrið yfir í stjórnborða og ásigling óumflýjanleg.

Við siglingu inn og út úr höfn þarf að gæta sérstakrar árvekni til að geta brugðist við óvæntum og ófyrirséðum aðstæðum.

4. Niðurstöður

Ástæðu ásiglingarinnar má rekja til skorts á árvekni hjá skipstjóra skipsins við siglingu úr höfn.

Hilmar Snorrason

Pálmi Jónsson

Hjörtur Emilsson

Jón Finnbjörnsson

Guðmundur Freyr Úlfarsson

Geirprúður Alfreðsdóttir

